

**Ed. 418. Nefndarálit**

um frv. til laga um varnir gegn vörusvikum.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og rætt það á nokkrum fundum. Öll er nefndin sammála um nauðsyn lagasetningar í þessa átt, en nokkur skoðanamunur var um, hversu langt skyldi ganga í þessu. Þó varð það að samkomulagi að leggja til að samþykkja frv. með litilfjörlegum breytingum.

**BREYTINGARTILLÖGUR.**

1. Við 6. gr. 3. Orðið „er“ falli burt.
2. Við 7. gr. 2. málgr. Orðin „að hlutaðeigendum skuli skylt“ í 2. másl. falli burt.
3. Við 12. gr. Greinin orðist svo:  
Nú er niðurstaða dóms samkvæmt 11. gr. talin varða almenning, og skal heilbrigðisstjórnin þá birta hana opinberlega.
4. Fyrirsögn frv. verði: Frv. til laga um eftirlit með vörum.

Alþingi, 23. okt. 1935.

Sigurjón Á. Ólafsson,  
form.

Ingvar Pálmason,  
fundaskrifari.

Magnús Guðmundsson,  
frsm.

Þorsteinn Briem.

Páll Hermannsson.